



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Verklag við mat á gögnum vegna vaxtarsamninga 2010-2013

1. gr.

Efni, gildissvið og birting

Iðnaðarráðuneytið felur Byggðastofnun mat á því hvort skilyrði eru til útborgunar framlags til vaxtarsamninga. Verklagsreglur þessar gilda við mat á gögnum frá eftirtöldum vaxtarsamningum:

- Vaxtarsamningi Vestfjarða 2010-2013
- Vaxtarsamningi Vesturlands 2010-2013
- Vaxtarsamningi Suðurlands 2010-2013
- Vaxtarsamningi Austurlands 2010-2013
- Vaxtarsamningi Suðurnesja 2010-2013

Verklagsreglur þessar verða birtar á vef Byggðastofnunar og vef iðnaðarráðuneytis.

2. gr.

Yfirlit yfir gögn samkvæmt samningunum

1) Á árinu 2010 ber öllum framkvæmdaaðilum vaxtarsamninga að skila eftirtöldum gögnum til Byggðastofnunar:

- a) Langtímaáætlun til fjögurra ára sem byggir á markmiðum viðkomandi samnings.
- b) Starfsáætlun til eins árs.

2) Á árunum 2011, 2012 og 2013 ber öllum framkvæmdaaðilum vaxtarsamninga að skila eftirtöldum gögnum til Byggðastofnunar:

- a) Framvinduskýrslu vegna liðins árs.
- b) Ársreikningi vegna liðins árs.
- c) Starfsáætlun til eins árs.

3) Á árinu 2014 ber öllum framkvæmdaaðilum vaxtarsamninga að skila eftirtöldum gögnum til Byggðastofnunar:

- a) Ársreikningi vegna liðins árs.
- b) Lokaskýrslu um árangur verkefna og samningsins fyrir allt samningstímabilið.

3. gr.

Hvenær eru gögnin fullnægjandi

1) Langtímaáætlun tekur til alls samningstímans (fjögur ár) og er tímasett útfærsla á þeim markmiðum sem samið var um í hverjum og einum samningi með vel skilgreindum áföngum þar sem stærstu verkþættir eru sýndir.

2) Starfsáætlun til eins árs er áætlun um helstu verkþætti næsta starfsárs, frá og með 2010. Hún byggir á langtímaáætlun og er leiðarlýsing ársins. Í henni á að vera hægt að finna nánari tímasetningar og sundurgreiningar á því hvernig verkið verður unnið á árinu og hverjir verða áfangar þess.

3) Framvinduskýrsla og lokaskýrsla skulu endurspegla þær áætlanir sem unnið var eftir. Þær skulu innihalda greinargerð um framkvæmd samningsins á liðnu ári og samanburð við markmið áætlana. Í lokaskýrslu er mjög mikilvægt að heildarárangur vaxtarsamningsins sé metinn, t.d. hversu mörg störf eða annarskonar verðmæti hafa orðið til fyrir tilstuðlan hans.

4) Ársreikningur skal vera í samræmi við viðauka 1 við viðkomandi vaxtarsamning og hann skal staðfestur af löggiltum endurskoðanda



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

4. gr.

Verkefni Byggðastofnunar

Byggðastofnun leggur mat á það hvort öll gögn frá hverjum og einum vaxtarsamningi eru fullnægjandi. Jafnframt svarar stofnunin spurningum og veitir leiðbeiningar til framkvæmdaaðila. Þegar stofnunin telur öll skilyrði uppfyllt sendir hún gögnin í tölvupósti til iðnaðarráðuneytis til samþykktar og greiðslu, ásamt skýringum ef ástæða er til. Í iðnaðarráðuneytinu eru gögnin vistuð í málaskrá á máli viðkomandi vaxtarsamnings og greiðsla framkvæmd.

Iðnaðarráðuneytinu 22. júní 2010